

menningarmál

Að kunna að sýna

Galleri Langbrók
Guðbergur Auðunsson:
Myndlistarsýning.

30 myndir.
13.-29. júní.

Guðbergur Auðunsson var auglýsingamaður, eða öllu heldur auglýsingateiknari, áður en hann snéri sér nær alfarið að myndlistinni fyrir nokkrum árum.

Til skamms tíma hefur það verið svo, að Myndlistarskólinn hefur haft sameiginlegan farveg fyrir alla nemendur, en þegar lengra er haldið, skiljast leiðir í námsbrautir, sumir vilja verða teiknikennarar í grunnskólum, aðrir fara í auglýsingar, eða leir-munagerð.

Er þetta ágæt aðferð við skóla-hald í myndlistarskóla, að leyfa fólki að prófa sig áfram og kynna-ast hinu og þessu, áður en það velur sér starfssvið. Þarna finna menn því sjálfa sig oft í tæka tíð, þótt ávallt sé nokkur leki milli greina, og þá einkum að því er virðist, milli auglýsingateiknunar og almennrar myndlistar. Og satt


að segja virðist manni á stundum, að sumir auglýsingateiknarar ættu fremur að sinna almennri myndlist — og öfugt.

Astæðan fyrir því að ég rifja þetta upp í aðfararorðum að sýningu Guðbergs Auðunssonar er sú, að hann virðist ná harla góðum árangri í myndlist, og svo hefur hann það, þar að auki, að hann kann að sýna myndir. Minnst ég sýningar hans í FÍM salnum t.d., þar sem sýningin var unnin eftir einu stafi, sem endurtekið var í mörgum tilbrigðum.

Það var sérlega vel heppnuð sýning og nú sýnir hann í fremri stofunni í Galleri Langbrók, í Bernhöftstorfunni. Þar sýnir hann 30 smámyndir, er falla svo einkar ljúflega að þessu litla herbergi, sem varla er unnt að nefna sýningarsal, því þar er svo þröngt um stóra muni.

Sýningin í Langbrók

Myndir Guðbergs á þessari sýningu eru collage myndir, sam-límdar úr snifsum og málað inn í milli, en þetta er nú fag, sem komið er á átræðisaldur a.m.k. Margir íslenskir myndlistar-



Guðbergur Auðunsson

menn fást við að gjöra svona myndir en árangurinn er auðvitað nokkuð misjafn.

Guðbergur er vaxandi myndlistarmaður, og hefur þann neista er þarf til að velja og hafna.

Er þetta einkar vel gjörðar myndir, og furdur sterkar þótt þær séu naumast stærri en lok af barnaskóm númer þrjátíu. Við greinum þarna líka, að minni hyggju, viss fyrirheit um nýtt framskríð í málverki Guðbergs Auðunssonar.

Sýningin er opin daglega frá 12-18.

Jónas Guðmundsson.

Munasýning á Kjarvalsstöðum

KJARVALSSTAÐIR

Leirlist,
gler,
textill
silfur og
gull.

13. júní — 23. ágúst


Fólkið á Kjarvalsstöðum er í sumarskapi núna, enda naumast nema von, eftir svo ljúfa byrjun á sumri, sem verið hefur í höfuðborginni, þrátt fyrir kuldan fyrir norðan og austan. Og nú hefur húsíð verið fyllt af munum, sem þar eiga að vera til sýnis í sumar, en þá eiga margir leið um þetta hús, ferðamenn, innlendir og erlendir, að ógleymdum íbúum höfuðborgarsvæðisins, sem oft leggja þangað leið sína á sumrin, þótt myndlist og önnur menningarstarfsemi sé fyrst og fremst vetrarlist hér á landi. Á sumrin vilja margir gjöra annað því margt kallar á fólk á sumrin, einkum þegar tíðin er góð.

Kjarvalsstaðir fara þá leið í sumar, að bjóða flokki listamanna Vestursalinn, en Kjarval er í þeim eystri. Er þar sýndir margskonar munir, leirlist, gler, textill, silfur og gull. Þeir sem sýna eru Steinunn Marteinsdóttir, Haukur Dór Sturluson, Jónína Guðnadóttir, Elisabet Haraldsdóttir, Hulda Jósefsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Leifur Breiðgjörð, Guðrún Auðunsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Asdís Sveinsdóttir, Guðbrandur J. Jezorski, Sigrún Ólóf Einarisdóttir og Jens Guðjónsson, en sýninguna hannaði Stefán Snæbjörnsson, arkitekt.

Menningarsamstarf höfuðborga

Í sýningarskrá segir frá Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða á þessa leið, er hún gjörir grein fyrir sýningunni:

„Þessi hópur listamanna sem nú kemur með sumarið inn í sali Kjarvalsstaða sýndi fyrst saman í Hasselby-höll í Svipjód fyrr í vor. Hasselby-höll er miðstöð fyrir menningarskipti höfuðborga Norðurlandanna, og bera þær kostnað af rekstri hennar í hlutfalli við íbúafjölda. Fjöldi íslenskra listamanna hefur kynnt þar menningu okkar á þeim 18 ár-



um sem liðin eru frá stofnun miðstöðvarinnar, myndlistarmenn, tónlistarmenn, skáld og rithöfundar, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem svo yfirgripsmikil sýning á íslensku listhandverki er sett upp á þeim stað. Hún var sú síðasta í röðinni af sambærilegum sýningum frá hinum Norðurlöndunum, en þar hefur sem kunnugt er verið geysimikil gróska í allri listið og listhönnun, án þess að Íslendingar hafi haft sig mikið í frammi til þessa.

Forstöðumaður Hasselby-hallar, Birger Olsson, valdi sjálfur þátttakendur og listmuni á sýninguna í samráði við Stefán Snæbjörnsson innanhússarkitekt, sem síðan hafði allan veg og vanda af uppsetningunni.

Það er skemmst frá því að segja að sýningin vakti mikla athygli og hlaut mjög góðar viðtökur.

Nú er alltaf fróðlegt að skoða hvernig Ísland og íslensk menning er kynnt á erlendri grund, og er það ein ástæðan fyrir því að Kjarvalsstaðir bjóða listamönnum að sýna verk sín hér í sumar.”

Úr miklu að móða

Það er nú sannarlega úr miklu að móða á Kjarvalsstöðum, því yfir 250 munir eru sýndir, og er

sýningin sérlega vel sett upp og fyrir komið, enda sjaldan sem sýningar eru settar upp fyrir borgun af lærðum sérfræðingum. Því miður, þá skortir oft nokkuð á hugkvæmni þegar sýningum er komið fyrir. Vel upp sett sýning er betri og aðgengilegri, heldur en þegar hlutunum er komið fyrir af handahófi, eða allt að því.

Þetta er sem áður sagði mikil sýning og stór um sig, leggur undir Vestursalinn og ganginn fyrir framan, eða suðurhluta hans, þar eru glervörur, eða glermunir, sem Sigrún Hulda Einarisdóttir hefur unnið, en eftir því sem ég best veit, var hún ekki með í Hasselby-höllinni, en það var mikill skaði, því verk hennar eru bæði skemmtileg og vel unnin, og auk þess er glerblástur ný listgrein, eða ídngrein hér á landi, því enginn hefur viljað heyra minnst á gler, eftir að Glerverksmiðjan mikla, mistókst svona herfilega.

Glermunir Sigrúnar Ólafar eru gjörðir með ýmsu móti og hún sýnir auk annars, slípað gler, en munir hennar eru skálar, vasar og krukkur, en auk þess sýnir hún 20 „drög að drykkjarglögum“ er hún hyggst framleiða. Er þau einkar fögur, og fara vel í hendi.

Þeir aðrir sem þarna sýna eru flestir nokkuð þekktir listamenn á sínu sviði, en það er því miður engin leið að fjalla um einstaka listamenn, eða einstök verk. Þessi sýning hefur verið Íslandi til söma, og hvet ég alla til þess að skoða hana. Það er sannarlega þess virði.

Jónas Guðmundsson.

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.



Auglýsing um aðalskoðun bifreiða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í júlímánuði 1981

Miðvikudagur	1. júlí	R-39501	til	R-39800
Fimmtudagur	2. júlí	R-39801	til	R-40100
Föstudagur	3. júlí	R-40101	til	R-40400
Mánudagur	6. júlí	R-40401	til	R-40700
Þriðjudagur	7. júlí	R-40701	til	R-41000
Miðvikudagur	8. júlí	R-41001	til	R-41300
Fimmtudagur	9. júlí	R-41301	til	R-41600
Föstudagur	10. júlí	R-41601	til	R-41900

Bifreiðaeigendum ber að koma með bifreiðar sínar til bifreiðaeftirlits ríkisins, Bildshöfða 8 og verður skoðun framkvæmd þar alla virka daga kl. 08:00 til 16:00.

Festivagnar, tengivagnar og farþega-byrgi skulu fylgja bifreiðum til skoðunar. Við skoðun skulu ökumenn bifreiðanna leggja fram fullgild ökuskirteini. Sýna ber skilríki fyrir því að bifreiðaskattur sé greiddur og váttrygging fyrir hverja bifreið sé í gildi.

Athygli skal vakin á því að skráningarnúmer skulu vera vel læsileg.

Samkvæmt gildandi reglum skal vera gjaldmælir í leigubifreiðum sem sýnir rétt ökugjald á hverjum tíma. Á leigubifreiðum til mannflutninga, allt að 8 farþegum, skal vera sérstakt merki með bókstafnum L.

Vanræki einhver að koma bifreið sinni til skoðunar á auglýstum tíma verður hann látinn sæta sektum samkvæmt umferðarlögum og bifreiðin tekin úr umferð hvar sem til hennar næst.

Bifreiðaeftirlitið er lokað á laugardögum. Aðalskoðun bifreiða mun ekki fara fram á tímabilinu frá 13. júlí til 7. ágúst n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

24. júní 1981

Sigurjón Sigurðsson.



Siglingamálastofnun ríkisins

Tilboð óskast í innanhússfrágang á ca. 650 ferm. húsnæði á 4. hæð á Hringbraut 121 í Reykjavík.

Í verkinu er m.a. fólgið uppsetning innveggja úr timbri, smíði og uppsetning hurða og borða, endurnýjun á rafkerfi, uppsetning hreinlætistækja, málning og dúkalögn.

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 1981. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri gegn 1.000.- kr. skilnatryggingu.

Tilboð verða opnuð sma stað miðvikudaginn 8. júlí 1981, kl. 11.30.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844 PÓSTHÓLF 1441 TELEX 2006

Hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur eru neð-angreindar stöður lausar til umsóknar:

1. Aðstoðargjaldkeri

Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja bókhaldsþekkingu og kunnáttu við launa-útreikninga.

2. Ritari

Góð vélritunarkunnátta áskilin. Laun samkvæmt launakerfi ríkisins.

Sjúkrasamlag Reykjavíkur.